

Fimm röksemdir til að sannfæra stjórnendur í háskólum um að meta rannsóknir á ábyrgan hátt

Inngangur

Alþjóðleg samtök félaga rannsóknastjóra (International Network of Research Management Societies, INORMS) setti á árinu 2018 á fót vinnuhóp til tveggja ára um rannsóknamat (Research Evaluation Working Group, REWG). Markmið vinnuhópsins er að vinna að betra, sanngjarnara og innihaldsríkara rannsóknmati. Annað af tveimur áhersluatriðum hópsins var þróun kynningarefnis fyrir stjórnendur um mikilvægi þess að meta rannsóknir á ábyrgan hátt. Sem hluta af þessari vinnu hefur hópurinn nú lagt fram fimm röksemdir sem geta verið gagnlegar til að sannfæra stjórnendur í háskólum um að meta á ábyrgan hátt. Ekki hika við að velja saman, endurraða eða endurorða þessar röksemdarfærslur, til nota á formlegan eða óformlegan hátt, allt eftir því hver stjórnandinn er og hvert starfsumhverfi þitt er.

Viðhalda sjálfstæði stofnana

- ÓFORMLEGT: Hafa stjórn á eigin örlögum.
- Utanaðkomandi mat (t.d. röðunarlistar háskóla) eru komnir til að vera en stofnanir með áherslu á stefnu og gildi ættu að íhuga alvarlega hvað raunverulega er verið að meta, en ekki leitast eftir því að bæta frammistöðu sína út frá viðmiðum sem ekki eru í takt við stefnu eða gildi þeirra stofnunnar.
- Lögmál Campbells segir okkur að við fáum það sem við mælum. Stofnanir verða að mæla það sem skiptir þær máli, til að fá fram niðurstöður sem eru í samræmi við þeirra markmið.

Taka betri ákvarðanir

- ÓFORMLEGT: Spila heimskulega leiki til að vinna heimskuleg verðlaun
- Mat sem styðst við mælikvarða sem eru óviðeigandi viðmið fyrir það sem þeim er ætlað að mæla mun leiða til slæmrar ákvarðanatöku og ófyrirséðra afleiðinga.
- Blanda af megindlegum og eigindlegum (ritrýndum) aðferðum gefur alla jafna betri svör við matsspurningum okkar.
- Neikvæð kerfisáhrif lélegra matsaðferða eru vel þekktar, s.s. skammsýni, ranglega skilgreind markmið og letjandi áhrif á frumkvæði og nýsköpun.

Tryggja arðsemi fjárfestinga

- ÓFORMLEGT: Að fá peninganna virði
- Rannsóknamat er dýrt og stofnanir ættu að vega og meta hvort það svari kostnaði að taka þátt í mati. Það getur vel verið að hægt sé að ná markmiðum á annan hátt.
- Stofnanir verða að tryggja að þær fjárfesti á skynsaman hátt í innihaldsríku mati sem mun raunverulega gefa þeim gild svör við spurningum þeirra, en ekki eyða fjármunum í styttri leiðir sem gera það ekki.

Koma á fót vilja til þátttöku

- ÓFORMLEGT: Merkja í alla réttu reitina
- Aukin áhersla er lögð á ábyrgt rannsóknamat, vegna nýrra þátta, t.a.m. um opnar rannsóknir, bættu rannsóknarmenningu og ábyrgar rannsóknir og nýsköpun.
- Ábyrgt rannsóknarmat er nú krafa í stefnum sumra rannsóknasjóða um opin aðgang.
- Alheimsrannsóknaráðið (Global Research Council) sýnir þessu sviði aukinn áhuga og auknar kröfur frá rannsóknasjóðum gætu verið væntanlegar.

Stjórna orðsporsáhættu og efla velferð starfsfólks

- ÓFORMLEGT: Forðast slæma umfjöllun
- Vegna áhersubreytinga hefur gagnrýni á misnotkun rannsóknamatælikvarða aukist.
- Ofnotkun lélegra mælikvarða hefur neikvæð áhrif á velferð starfsfólks og andlegt heilbrigði.
- Vel þekkt dæmi eru um að lélegt mat hafi haft hörmulegar afleiðingar í för með sér.

For more information on the INORMS Research Evaluation Working Group please visit:

<https://inorms.net/activities/research-evaluation-working-group/>

